

desember s.á., en með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., en með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., en með 3,5% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á., en með 3,75% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 55.400,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Þriðjudaginn 8. mars 1988.

Nr. 59/1988. **Ákærvaldið**

gegn

**Árna Inga Sigurðssyni**

Kærumál. Dómsátt.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason og Benedikt Blöndal og Hjörtur Torfason settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 112. gr. 6. mgr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 22. febrúar 1988, sem barst Hæstarétti 23. s.m. Krefst hann þess að hin kærða dómsátt verði felld úr gildi.

Varnaraðila var í sakadómi Akraness 26. s.m. tilkynnt um kæruna. Hann krefst þess að dómsáttin verði staðfest en óskar ekki eftir að skila greinargerð af sinni hendi.

Með hinni kærðu sátt samþykkti varnaraðili í sakadómi Akraness að greiða 10.000,00 króna sekt fyrir brot á 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá sáttardegi.

Ríkissaksóknari gerir svofellda grein fyrir kærunni: „Magn alkóhóls í blóðsýni úr kærða, sem tekið var í þágu rannsóknar málsins, reyndist 1.3‰. Með dómsáttinni var atferli kærða fært

undir 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. sbr. 80. gr. umferðarlaga og honum gert að sæta sviptingu ökuleyfis í 6 mánuði, auk greiðslu sektar og sakarkostnaðar. Með vísan til hæstaréttardóma LI:1378 og LIV:406 eru vikmörk mest 10%, ef þéttni alkóhóls í blóði er meira en 1‰. Því ber að færa brot kærða undir 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga, sem samkvæmt 81. gr. þeirra laga leiðir til lengri sviptingartíma og, samkvæmt dómvenju, til hærri sektar. Niðurstaða sáttarinnar er því röng.“

Í dómi Hæstaréttar 24. febrúar 1983 (LIV, bls. 406) er á bls. 407 vitnað til þess álits dr. Þorkels Jóhannessonar, sem um var rætt í dómi Hæstaréttar 20. júní 1980 (LI, bls. 1378), að „ef þéttni alkóhóls í blóði sé meiri en 1‰ séu vikmörk frá miðtölugildi mest 10%, en ef þéttni alkóhóls í blóði sé 1‰ eða minni sé venja að telja vikmörk frá miðtölugildi 0,10‰“. Við prentun dómasafns fyrir 1983 hefur hluti af þessum tilvitnaða texta fallið niður, en sú villa hefur ekki komið að sök við ákvörðun um kæru í máli þessu, sem virðist tekin með hliðsjón af réttu orðalagi dómsins.

Í málum þeim, sem úr var leyst með ofangreindum dómum Hæstaréttar, var mæld þéttni alkóhóls í blóði minni en 1‰, gagnstætt því sem hér er um að ræða. Í síðari dóminum er það staðfest að miða beri vikmörk vegna ónákvæmni í mælingu alkóhólsmagns í blóði með þeirri aðferð, sem notuð var í máli þessu. Þykir rétt að fylgja því fordæmi, en þar sem vinandamagn í blóði varnaraðila reyndist meira en 1‰, verður stuðst við hlutfallsleg vikmörk. Þykir ekki ástæða til að miða við lægra frávik en það hámarkshlutfall, sem um ræðir í ofangreindri álitsgerð, eða 10%.

Miðað við 10% vikmörk frá miðtölugildinu 1,32‰ um alkóhól í blóði varnaraðila er ekki komin fram lögfull sönnun þess. að alkóhól í blóði hans hafi mælst 1,20‰ eða meira ( $1,32 - 0,13 = 1,19$ ) og verður krafa ákærvaldsins því ekki tekin til greina.

#### D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt skal óröskuð.

#### Dómsátt sakadóms Akraness 16. febrúar 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 16/2 er dómþing sakadóms Akraness háð í skrifstofu dómsins að Suðurgötu 57 af Tryggva Bjarnasyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Kæra á hendur Árna Inga Sigurðssyni fyrir umferðarlaga-brot.

Dómarinn leggur fram eftirgreind skjöl, sem fylgja í frumriti: Nr. 1 skjalaskrá lögr. ásamt fskj.

Kl. 10.05 kemur í dóminn kærði. Nafn: Árni Ingi Sigurðsson. Staða: Verkamaður. Heimili: Suðurgata 16, Akranesi. Nafnnúmer: 0534-6509. Fæðingardagur: 11.08. 1965. Fæðingarstaður: Akranes.

Kærða er kunngert sakarefnið og jafnframt gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar að efni kærunnar sé rétt: að hafa þann 6/12 '87 ekið bíl J-2064 undir áhrifum áfengis um götur á Akranesi.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því að í blóðsýnishorni því, sem úr honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,32‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 býður dómarinn kærða að ljúka málinu þannig að hann fallist á að greiða kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og sæta því jafnframt að vera sviptur ökuréttindum í 6 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga en brot hans þykir efnislega varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umfl.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg og greiðist sektin fyrir 1/4 '88 en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 8 daga.

Kærði samþykkir að greiða málskostnað kr. 7.088,00 fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst að ökuleyfissviptingin gildir frá 16/2 '88.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.